

## 6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík annast greiðslu verðjöfnunar. Umsækjandi sækir um greiðslu verðjöfnunar til tollstjórans í Reykjavík eða tollstjóra í umdæmi útflutningshafnar sem framsendir umsókn til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjóri skal greiða verðjöfnun á vöru sem flutt hefur verið út í samræmi við verðjöfnunarheimild, sbr. 4. gr., enda sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að útflutningur hafi átt sér stað t.d. með framvísun útflutningsskýrslu eða framvísun á sölureikningi með áritaðri staðfestingu tollgæslu.

Í umsókn skal koma fram tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar og farm-skrárnúmer vegna útflutnings vörunnar. Tollstjórinn í Reykjavík getur krafist annarra gagna sem hann telur nauðsynleg. Greiðsla verðjöfnunar skal eiga sér stað innan viku frá því að fullnægjandi gögn hafa borist honum, sbr. reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgi-skjöl þeirra.

Upphæð verðjöfnunar skal reiknuð samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru er útflutningur átti sér stað.

## 7. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

## 8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. A. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 259/1996, með síðari breytingum.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á kartöfluflögum frá Noregi.**

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar fjármálaráðherra tollkvóta skv. sérstök-um samningi milli Íslands og Noregs, dags. 22. mars 2000, um viðskipti milli landanna og á grundvelli 6. gr. B í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og í samræmi við til-lögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á kartöflu-flögum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Úr tollnúmeri: | Vara                             | Tímabil             | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|----------------|----------------------------------|---------------------|----------------|-----------------|----------------------|
| 2005.2002      | Kartöflur:                       | 15.08.03 - 31.12.03 | 15.000         | 0               | 0                    |
| 2005.2003      | Sneiddar eða skornar.            |                     |                |                 |                      |
|                | Nasl svo sem skífur, skrúfur,    |                     |                |                 |                      |
|                | hringir, keilur, stangir o.þ.h., |                     |                |                 |                      |
|                | þó ekki úr kartöflumjöli.        |                     |                |                 |                      |

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvóta er úthlutað skv. auglýsingu fjármálaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Tollkvóta er úthlutað í þremur hlutum, 5000 kg hver hluti. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 6. mgr. 6. gr. B tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2003.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. júlí 2003.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Jón Björk Guðnadóttir.*

## ÚTHLUTUNARREGLUR

### safnasjóðs.

## 1. gr.

*Hlutverk safnasjóðs.*

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna.

## 2. gr.

*Úthlutanir úr safnasjóði.*

Safnaráð úthlutar úr sjóðnum rekstrarstyrkjum og verkefnastyrkjum til safna. Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.